

Mixtúrus	ANTEPSIN, mixtúra 200 mg/ml	Lyf gegn maga- og skeifugarnarsári og fyrirbyggjandi gegn slíkum sárum. <i>Skammtar handa fullorðnum:</i> 10 ml (= 2 g) á morgnana og fyrir svefn eða 5 ml (=1 g) 3-4 sinnum á dag, 1 klst. fyrir mat og fyrir svefn. Meðferð skal standa í 4-6 vikur. <i>Fyrirbyggjandi meðferð:</i> 5 ml (=1 g) tvisvar á dag. <i>Athugið:</i> Ef sýrubindandi lyf eru einnig notuð, verður að taka þau inn minnst 1/2 klst. fyrir eða eftir töku þessa lyfs. Lyfið er ekki ætlað börnum. <i>Varúð:</i> Sjúklingar með nýrnabilun eiga ekki að nota lyfið.
----------	-----------------------------------	--

Terbina- finum	Lyfjaform til útvortis notkunar. Ekki yfir 10 mg/g (1%). Mest 15 g (=150 mg virkt efni) handa einstaklingi.	LAMISIL, krem.	Samkvæmt ákvörðun ráðuneytis við skráningu lyfsins.
-------------------	---	-------------------	---

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. júlí 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. júní 1994.

F. h. r.
Páll Sigurðsson.

Einar Magnússon.

AUGLÝSING

um umferð í Ólafsfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Ólafsfjarðar, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Ólafsfirði:

Aðalbraut.

Múlavegur að Aðalgötu.

Aðalgata frá Múlavegi til suðurs að gatnamótum Ægisgötu og eftir Ægisgötu til suðurs.

Biðskylda verði af:

Strandgötu inn á Aðalgötu.

Kirkjuvegi inn á Aðalgötu.

Vesturgötu inn á Aðalgötu.

Ólafsvegi að austan inn á Aðalgötu.

Ólafsvegi vestan inn á Aðalgötu.

Gunnólfsgötu inn á Aðalgötu.

Sundlaugavegur inn á Aðalgötu.

Bílastæðum við íþróttahús og barnaskóla inn á Aðalgötu.

Garðstíg inn á Aðalgötu.

Af Aðalgötu inn á aðalbraut Aðalgötu, Ægisgötu.

Ægisgötu að norðan inn á Aðalgötu.

Ægisbyggð inn á Aðalgötu.

Af tengigötu við Mararbyggð inn á Bylgjubbyggð.

Af tengigötu austan Hrannarbyggðar inn á Bylgjubbyggð.

Af Hlíðarvegi inn á Hornbrekkuveg.

Af Túngötu inn á Hornbrekkuveg.

Af Brekkugötu inn á Hornbrekkuveg.

Af Vesturgötu inn á Hafnargötu.

Af Kirkjuvegi inn á Hafnargötu.

Af Ægisgötu að sunnan inn á Ólafsvæg.

Af Ægisgötu að norðan inn á Ólafsvæg.

Af Hafnargötu inn á Ólafsvæg.

Af hafnarsvæði norðan KEA inn á Múlaveg.

Af Brekkugötu og Brimnesvegi inn á Múlaveg.

Af hafnarsvæði austan bílvogar inn á Múlaveg.

Af Þverbrekku inn á Múlaveg.

Af Námuvegi vestan Múlavegar inn á Múlaveg.

Af Hafnargötu inn á Strandgötu.

Af Hrannarbyggð inn á Ægisbyggð.

Af Bylgjubbyggð inn á Ægisbyggð.

Af Gunnólfsgötu inn á Ægisgötu.

Af Bylgjubbyggð inn á Ægisgötu (Ólafsfjarðarveg eystri).

Af afleggjara við Hornbrekku inn á Ægisgötu (Ólafsfjarðarveg eystri).

Af Námuvegi austan Múlavegar inn á Múlaveg.

Af Ægisgötu inn á Strandgötu.

Stöðvunarskylda.

Af Hornbrekkuvegi inn á Aðalgötu.

Einstefna.

Verði á Brekkugötu til suðurs frá Félagastíg.

Allur akstur bannaður.

Á gangstígum frá barnaskóla að bókasafni og gagnfræðaskóla.

Bannað verði að leggja bifreiðum.

1. Hornbrekkuvegur, frá gatnamótum við Túngötu að gangstétt norðan Hornbrekkuvegar 8.
2. Frá Strandgötu 4 að Strandgötu 12 að norðan.
3. Kirkjuvegur að sunnan.

Hraðahindranir.

1. Hindrun á lóðamörkum Aðalgötu 19 og 21.
2. Hindrun á Múlavegi sunnan Múlatinds.
3. Hindrun á Hlíðarvegi fyrir norðan hús nr. 48.

Gangbrautir.

1. Á Aðalgötu austan útibús KEA að gangstíg austan götunnar.
2. Á Aðalgötu austan verslunarinnar Valberg.
3. Á Aðalgötu við lóðarmörk Ólafsvegar 1 og Gunnólfsgötu 2.
4. Á hraðahindrun á Aðalgötu á lóðarmörkum Aðalgötu 19 og 21.
5. Á Aðalgötu við gatnamót Ægisbyggðar og Ólafsvegar.
6. Á Ægisgötu vestan gagnfræðaskóla.
7. Á Bylgjubýggð við hús nr. 10.
8. Á Kirkjuvegi við gatnamót við Aðalgötu.
9. Á Strandgötu við gatnamót við Aðalgötu.
10. Á Vesturgötu við gatnamót við Aðalgötu.

Allar eldri samþykktir um umferðarmál í Ólafsfirði eru felldar úr gildi með samþykkt þessari. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Lögreglustjórnin í Ólafsfirði, 10. júní 1994.

Kjartan Þorkelsson settur.

1. júlí 1994

Nr. 398

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980–2000.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. júní 1994 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980–2000 frá 8. desember 1982.

Breytingin er í því fólgin, að landnotkun á svæði milli Hamrabergs, Vörðubergs og Tinnubergs breytist úr iðnaði/þjónustu í íbúðarsvæði. Ennfremur breytist umferðartenging við Garðabæ á þann veg, að hún verður um Vörðuberg í stað Tinnubergs.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 1. júlí 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.